

II. Fundur

Annar fundur ETA deildar starfsárið 2006-2007 var haldinn laugardaginn 4. nóvember 2006 og hófst með gönguferð kl.10:00. Gengið var undir leiðsögn Birnu Þórðardóttur um það sem hún kallar Heiðnahverfið, þ.e. svæðið sunnan megin Skólavörðustígs frá Skólavörðuholti. Birna tengdi skemmtilega saman götuheiti (Lokastíg, Baldursgötu, Freyjugötu o.s.frv.) og goðafræðina og hafði einnig frá ýmsu skemmtilegu að segja sem tengist sögu hverfisins. Var þetta hin besta skemmtun en leiðinlegt að ekki skyldu fleiri geta verið með.

Fundarstörf hófust á veitingahúsinu Horninu kl. 12:00.

1. Formaður setti fund og tilkynnti breytingu á dagskrá vegna forfalla Vilborgar. Dagskrárlíð 7 var þess vegna frestað.
2. Kristín Steinarsdóttir kveikti á kertum.
3. Ásta fór með orð til umhugsunar í forföllum Vilborgar.
4. Auður las fundargerð síðasta fundar.
5. Nafnakall. Mættar voru: Auður, Ásta, Bryndís G., Gerður, Guðrún Hrefna, Ingibjörg, Kristín Ó. Kristín S., Magnea og Oddný.
6. Bryndís G. gerði grein fyrir verkefni sem nefnd undir hennar stjórn hafði fengið að vinna, en auk hennar eru í nefndinni Gerður, Halldóra og Magnea. Verkefni þeirra var að skoða tengsl við landssambandið. Í handbók samtakanna eru upplýsingar um þær nefndir sem eru starfandi og kemur fram að ef deildir eiga ekki fulltrúa, eiga þær rétt á að tilnefna tengilið. Nefndin benti á að deildarkonur þyrftu að vera virkari í að tengjast nefndum landssambandsins. Í kjölfar þessarar vinnu komu upp ýmsar spurningar varðandi starf DKG og markmið sem þyrfti að svara; spurningar á borð við: Endurspeglar starfið markmið samtakanna, þ.e. að efla konur í fræðslustörfum? Hvernig getum við styrkt tengsl okkar við mennta- og fræðslumál í landinu? Hvert viljum við stefna? Er eftirsóknarvert að vera í DKG? Einnig komu fram efasemdir um yfirbyggingu samtakanna og formfestu.

Formaður þakkaði nefndinni ítarlega og faglega vinnu og upphófust líflegar umræður um þessi mál. Það kom í ljós að ýmsar ETA konur hafa verið efins um þátttöku sína í DKG og ekki fundist að ávinningurinn hafi verið sá sem þær væntu. Félagslegur ávinningur væri vissulega fyrir hendi en spurningar hefðu vaknað um faglega þáttinn. Eftirfarandi spurningar komu upp: Af hverju fór ég í þessi samtök? Hvernig er hægt að efla samtökin? Hvernig er hægt að gera þau sýnilegri? Hvernig getur ETA deildin gert sig meira gildandi? Ýmsar tillögur voru reifaðar sem miða að því að virkja deildina meir út á við og hugmyndir um að koma að málum þar sem þörfin er brýn, t.d. málefnum nýbúa.

Það þótti ljóst að deildin þyrfti að ganga í að skoða stöðu sína og framtíð og var ákveðið að febrúarfundurinn yrði helgaður því máli.

Fleira gerðist ekki og formaður sleit fundi og þakkaði fundarkonum góðar og uppbyggilegar umræður.

Auður Torfadóttir skráði.